

Reykjavík, 30. apríl 2016

***Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á ýmsum lögum til að styðja við fjármögnun og rekstur nýsköpunarfyrirtækja og smærri fyrirtækja í vexti, 668. mál.***

Samtök iðnaðarins fagna fyrirbyggjandi frumvarpi fjármála- og efnahagsráðherra sem hefur það að markmiði að styðja við nýsköpunarfyrirtæki og smærri fyrirtæki í vexti. Samtökin telja frumvarpið til þess fallið að auka stuðning við þætti sem miklu máli skipta við fjármögnun og rekstur nýsköpunarfyrirtækja og vaxandi fyrirtækja í öllum atvinnugreinum.

Nýsköpun er drifkraftur verðmætasköpunar og framleiðniaukningar og er það því mikið fagnaðarefni að stjórnvöld séu tilbúin að fara í nauðsynlegar aðgerðir til að gera Ísland aðlaðandi fyrir fólk og fyrirtæki í nýsköpun. Þess ber auk þess að geta að þau atriði sem fram koma í frumvarpinu voru einnig metin mikilvægust í sameiginlegri stefnumótun félagsmanna Samtaka iðnaðarins á hugverkasviði. Þau eru því efst á forgangslista hvað varðar þau verkefni sem atvinnulífið telur brýnt að leysa til að stuðla að frekari sókn í umræddum iðngreinum.

Uppgangur hugverkaiðnaðarins á Íslandi sem fjórða stoðin í hagkerfinu, til viðbótar við ferðaþjónustu, stóriðju og sjávarútveg, býður Íslendingum upp á þann möguleika að efla stoð sem ekki er háð takmörkuðum auðlindum. Stoðin þróar í eðli sínu þekkingu og eftirsóknarverð hálaunastörf með vörum og lausnum, sem skila miklum virðisauka, fyrir viðskiptavinum á alþjóðlegum markaði. Eins er mikilvægt að áréttu að frumvarpið nýttist öllum fyrirtækjum í landinu sem hafa áhuga á að þróa nýja tækni, þvert á atvinnugreinar.

Þar sem hagsveiflur tengdar auðlindagreinum hafa verið umtalsverðar er eftirsóknarvert að byggja upp iðnað, sem felur í sér meiri fjölbreytileika og er minna háður auðlindum jarðar. Rannsóknir sýna að 60% af framtíðarstörfum barna okkar eru óskilgreind í dag, því er mikilvægt fyrir stjórnvöld að leggja grunn að því að þessi nýju störf geti þróast hér á landi.

**I. Skilvirk skattlagning kaupréttar hlutabréfa og umbreytanlegra skuldabréfa**

Í 1. og 2. gr. frumvarpsins eru lagðar til mikilvægar breytingar á skattlagningu kaupréttar hlutabréfa og umbreytanlegum skuldabréfum. Þessar breytingar á 9. og 18. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003 munu gera þessi tvö tæki aðlaðandi kost í fjármögnun fyrirtækja þar sem skattlagningin eltir greiðslufæðið. Eins og staðan er í dag þá skila þau ekki tilætluðum árangri.

Erlendis eru umbreytanleg skuldabréf og kaupréttur hlutabréfa vinsælar leiðir til að fjármagna hugbúnaðar- og nýsköpunarfyrirtæki á fyrstu stigum þar sem óvissan er hvað mest. Skattaumhverfið er að mati SI einn helsti veikleiki rekstrarumhverfis hugverkagreina á Íslandi og felst veikleikinn fyrst og fremst í uppbyggingu skattkerfisins. Það er óf framhlaðið og skapar ekki nægilegan hvata til fjárfestinga og vinnu.

Með þeim breytingum sem boðaðar eru í frumvarpinu leysist þetta vandamál að miklu leyti. Til að mynda gegna kaupréttir mikilvægu hlutverki í rekstri og stofnun lítilla fyrirtækja enda draga þeir úr þörf að sækja utanaðkomandi fjármagn á fyrstu stigum þegar mikil áhætta fylgir þeim þróunarverkefnum sem unnið er að.

Starfsmenn fjárfesta tíma sínum og kröftum í fyrirtækið með von um að það dafni og skili síðar af sér hagnaði. Kaupréttir á hlutabréfum eru því ekkert annað en hlutafjármögnun og ættu því eðli málsins samkvæmt að vera skattlagðir sem slíkir.

*Samtök iðnaðarins fagna þessum breytingum og hvetja þó efnahags- og viðskiptanefnd til þess að huga að því hvernig umræddur kaupréttur er skattlagður. Flest viðmiðunarríki okkar skattleggja kauprétti sem fjármagnstekjur en í fyrirliggjandi frumvarpi er gengið út frá því að hann verði skattlagður sem launatekjur. Við ættum að forðast sér-íslenskar lausnir í þessu máli.*

## **II. Mikilvægt skref til að laða að erlenda sérfræðinga**

Í 3. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á A-lið 1. mgr. 30 gr. laga um tekjuskatt, sem mun gera Ísland samkeppnishæft þegar kemur að því að ráða til landsins erlenda sérfræðinga.

Á Íslandi búa öflugir sérfræðingar en í nýjum og ört vaxandi iðnaði getur verið nauðsynlegt að ráða tímabundið til starfa erlenda sérfræðinga með djúpa þekkingu sem ekki er til staðar. Til viðbótar við það að vera lykilatriði í þróun og uppbyggingu fyrirtækisins á sér stað mikil þekkingaryfirfærsla til Íslands með þessu. Af þeirri ástæðu verður fyrirtækið í mörgum tilvikum eftirsóknarvert hjá innlendum starfsmönnum sem hafa mikinn hag af því að læra af viðkomandi sérfræðingi sem og komast í tæri við alþjóðlegt tengslanet hans.

Margar af þeim þjóðum sem standa sig best á þessu sviði eru með sambærilegar ívilnanir til sérfræðinga eins og lagt er til í þessu frumvarpi. Þær standa flestar Íslandi mun framar í hæfni til að laða að erlenda sérfræðinga en í dag er Ísland í 70. sæti samkvæmt árlegri könnun WEF á samkeppnishæfni ríkja.

Samkvæmt könnun Samtaka iðnaðarins í samstarfi við Íslandsstofu, Reykjavíkurborg, Viðskiptaráð og Samtök atvinnulífsins meðal fyrirtækja er augin þörf á erlendum sérfræðingum. Fram kom að 70% fyrirtækjanna töldu skattalegar ívilnanir skipta máli við að fá erlenda sérfræðinga til landsins. Mikilvægt er að auka samkeppnishæfni Íslands að þessu leyti og telja Samtök iðnaðarins að fyrirliggjandi breyting sé stórt skref í þá átt.

*Samtök iðnaðarins fagna þessari breytingu en áréttu mikilvægi þess að markaður sé skýr rammi utan um störf þeirrar nefndar sem hefur það hlutverk að meta umsóknir og það sé tryggt að hægt sé að skjóta þeim ákvörðunum til ráðherra. Mikilvægt er að heimild til reglugerðar verði nýtt til að skýra ferlið og skilyrði umsóknar en þar skiptir málsmeðferðartími nefndarinnar miklu máli sem og tryggja að umsóknarferlið verði skilvirkt og gegnsætt. Samtökin óska eftir því að fá að koma að reglugerðarvinnu með ráðuneytinu.*

## **III. Nauðsynlegur skattaafsláttur vegna hlutabréfakaupa**

Í 4. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 1. tölulið B-liðar 1. mgr. 30 gr. laga um tekjuskatt sem felur í sér heimild til að draga frá tekjuskattsstofni einstaklings, sbr. 1. og 3. gr., að viðbættum fjármagnstekjum 30% af fjárhæð allt að 10 milljón kr. sem hann sýnir fram á að til sé komin vegna fjárfestinga í hlutafélagi eða einkahlutafélagi að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Mikil þörf er fyrir hvatningu til að örva fjárfestingu í nýsköpunarfyrirtækjum sem er ein lykilsenda þess að gera Ísland aðlaðandi fyrir fólk og slík fyrirtæki hér á landi. Markaðsbrestur í fjármögnun veldur fákeppni meðal fjárfesta með tilheyrandi glötuðum tækifærum til verðmætasköpunar, hægari vexti og vanmati á verðmætum slíkra fyrirtækja. Á sama tíma hafa arðvænleg íslensk fyrirtæki verið seld til erlendra fjárfesta og umtalsvert fjármagn hefur safnast upp í lokuðu hagkerfi án hvata til þátttöku í uppbyggingu áhugaverðra framtíðarfyrirtækja á Íslandi.

Í greinargerð starfshóps fjármálaráðherra frá 2013, um skattaívilnanir vegna hlutabréfakaupa, er þessi fjárþörf og nauðsyn fyrir hvata til fjárfestingar í hlutabréfum nýsköpunarfyrirtækja staðfest.

Samtök iðnaðarins (SI) og Samtök sprotafyrirtækja (SSP) hafa mótað tillögur m.a. á Hátækni- og srotavettvangi (HSV) um megin línur í slíku hvatakerfi sem byggir á stefnumótun fyrirtækja í greininni og skilyrðum sem sett eru í hópundanþágureglugerð ESB/ESA nr. 651/2014. Í viðauka II eru lagðir fram útreikningar sem sýna að greiðsluflæði ríkissjóðs af slíku fyrirkomulagi er jákvætt strax frá fyrsta mánuði og í raun góð tekjuöflun fyrir ríkissjóð.

*Samtökin fagna eindregið því að fram er komið frumvarp fjármála- og efnahagsráðherra sem miðar að því að taka mikilvæg skref í að koma á slíku kerfi hér á landi, en leggja um leið áherslu á að einfalda frumvarpið eins og það liggur fyrir núna og nýta betur það svigrúm sem hópundanþágureglugerðin veitir til að styrkja samkeppnistöðu Íslands í þessum efnum. Í því sambandi bjóða samtökin fram sína krafta til að vinna hratt og örugglega með efnahags- og viðskiptanefnd til þess að gera þetta kerfi sem árangursríkast. Í viðauka I eru þær breytingar sem samtökin leggja áherslu á nánar útfærðar, en mikilvægustu þættirnir í því sambandi eru eftirfarandi:*

- A.** *Auka hvatann fyrir einstaklinga að nýta kerfið með því að hækka hlutfall (í 100% af fyrstu 3 milljón kr.) fjárfestingarinnar sem má draga frá skattskyldum tekjum, ekki síst þar sem kerfið felur í raun í sér jákvætt tekju- og greiðsluflæði fyrir ríkissjóð frá fyrsta degi sem kerfið er nýtt.*
- B.** *Nýta betur þann heimildarramma sem nýsköpunarfyrirtækjum stendur til boða skv. skilyrðum reglugerðar ESB/ESA nr. 651/2014, og forðast um leið íþyngjandi reglur og óþarfa flækjustig sem hlotist getur af strangtúlkun á þessum skilyrðum. Þá virðist hafa slæðst inn í frumvarpið skilyrði sem tilheyrðu eldri útgáfu þessara reglna sem búið er að aflétta.*
- C.** *Fækka þeim séríslensku skilyrðum sem sett eru fram í frumvarpinu sem takmarka um of þann fjölda fyrirtækja og einstaklinga sem getur nýtt sér kerfið, en leggja í staðinn meiri áherslu á að kerfið nýtist fyrst og fremst þeim fyrirtækjum sem standa í nýsköpun.*

#### **IV. Hækkun endurgreiðslu á rannsóknar- og þróunarkostnaði eykur samkeppnishæfni**

Í síauknum mæli keppa lönd um að laða til sín stór fyrirtæki og önnur sem geta vaxið á alþjóðlegum markaði, bjóða áhugaverð störf og byggja á rannsóknar- og þróunarverkefnum (R&D). Í þeirri samkeppni vegur endurgreiðsla á hluta þróunarkostnaðar gegnum skattkerfið þungt. Kerfið sem komið var á hér á landi 2009 hefur sannað gildi sitt fyrir minni fyrirtæki en hingað til hefur mikið af nýjum þróunarverkefnum stærri íslenskra fyrirtækja verið unnin utan landsteinanna, í löndum þar sem þök og hlutfall endurgreiðslu eru hærri en hér á landi. Í því skyni má benda á að árið 2005 var Ísland í þriðja sæti í samanburði 30 OECD ríkja sem vörðu hlutfallslega hæstri upphæð til R&D miðað við landsframleiðslu.

Önnur lönd hafa nú aukið stuðning frá þeim tíma mun meira og er Ísland nú komið í 11 sæti (2014). Sú staðreynd undirstrikar hversu mikil áhrif breytingar á þessu tímabili hafa haft á stöðu landsins í alþjóðlegum samanburði. Fjármagnið í rannsókn og þróun fer að mestu í að greiða laun og aðföng sem greidd er staðgreiðsla og aðrir skattar af strax frá fyrsta mánuði.

Í Bretlandi voru þök fyrir útlagðan kostnað lögð niður árið 2012 og skattaafsláttur lítilla og meðalstórra fyrirtækja hækkaður úr 100% í 125%. Þak er á heildarstuðning við hvert rannsóknar- og þróunar verkefni, 7,5 milljónir Evra (rúmur 1 milljarður ISK). Í Frakklandi geta fyrirtæki dregið 30% af kostnaði vegna R&D frá skatti upp að 100 milljónum Evra (13,9 milljarðar ISK). Kanada býður 35% endurgreiðslu fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki upp að 3 milljónum kanadískra dollara (296 milljónir ISK) og 15% eftir að þaki er náð (sem þýðir engin þök við 15% endurgreiðslu). Sjá nánar töflu hér að neðan.

Ríki	Frádráttarhlutfall kotnaðar	R&B	Hámark R&B kostnaðar til útreiknings á frádrætti
Bretland	100-125% fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. 11% fyrir stór fyrirtæki.		Engin þök
Frakkland	30%		100 milljónir evra
Kanada	35% fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. 15% fyrir stór.		3 milljónir kanadískra dollara en 15% eftir að þaki er náð
Írland	25%		Engin þök
Ísland	20%		100 mkr. (150 mkr. ef um er að ræða aðkeypta R&B vinnu)

Samtök iðnaðarins fagna því að lagt er til að hækka þökin úr 100 milljónum upp í 300 milljónir en hvetur efnahags- og viðskiptanefnd að aflétta þessum þökum í samræmi við það sem aðrar þjóðir hafa verið að gera og jafnframt hækka endurgreiðsluhlutfallið í 25%. Þessi breyting rúmast vel innan marka reglugerðar ESB/ESA nr. 651/2014.

## V. Lokaorð

Á síðustu árum hefur komið í ljós mikil þörf á umbótum í starfsumhverfi sprota- og nýsköpunarfyrirtækja á Íslandi. Þessi fyrirtæki hafa leitað til Samtaka iðnaðarins til að skapa samstarfsvettvang fyrir tækja í ólíkum starfgreinum um sameiginleg hagsmunamál.

Á sameiginlegum vettvangi starfsgreinahópa á hugverkasviði innan SI, m.a. á Hátækni- og sprotavettvangi, hefur verið mótuð metnaðarfull framtíðarsýn og skilgreindar þær forsendur sem þurfa að vera fyrir hendi til að gera hana að veruleika. Þá hafa lykilverkefni sem miða að því að bæta starfsumhverfið og riðja úr vegi hindrunum verið formuð og forgangsraðað með aðkomu stjórnvalda. Þessar áherslur hafa verið kynntar m.a. á Tækni- og hugverkaþingum með Alþingismönnum og stjórnvöldum með reglubundnum hætti.

Þau atriði sem fjármála- og efnahagsráðherra er að bera fram í þessu frumvarpi skoruðu, eins og áður segir, öll á topp tíu lista sameiginlegrar stefnumótunar. Þess vegna er það mikið fagnaðarefni að frumvarpið sé komið í vinnslu og óska Samtök iðnaðarins þess að það fái skjóta og faglega afgreiðslu í gegnum þingið. Frumvarpið í byggir í stórum dráttum á hvetjandi hópundanþágureglugerð ESB/ESA nr. 651/2014 sem myndar góða umgjörð um lagasetninguna og tryggir að ekki þarf að leita sérstaks samþykkis ESA við innleiðingu hennar. Samtökin hvetja stjórnvöld til að nýta vel það svigrúm sem reglugerðin veitir.

f.h. Samtaka iðnaðarins

Elínros LINDAL

Elínros Línal Ragnarsdóttir,  
forstöðumaður hugverka-  
og þjónustusviðs

Davíð Lúðvíksson

Davíð Lúðvíksson,  
forstöðumaður stefnumótunar  
og nýsköpunar

## Viðauki I

### Varðandi breytingar á 4. gr. frumvarpsins

Samtökin leggja mikla áherslu á að 4. gr. frumvarpi nái fram að ganga sem fyrst með þeim lagfæringum sem hér eru taldar.

*Samtökin leggja áherslu á að einfalda frumvarpið eins og það liggur fyrir núna og laga það betur að þeim hvetjandi leiðbeiningum og skilyrðum sem hópundanþágureglugerð ESB/ESA nr. 651/2014 felur í sér þetta styrkir samkeppnistöðu Íslands og gerir landið aðlaðandi fyrir fólk og fyrirtæki í nýsköpun.*

*Samtökin hvetja ríkisstjórn og þingmenn allra flokka til að standa saman að því að gera þessi lög sem best úr garði þannig að þau skapi verulegan hvata fyrir fyrirtæki í nýsköpun að eflast og dafna hér á landi og hvetji einnig fólk og fyrirtæki erlendis til að horfa til Íslands sem lands þar sem gott er að stunda nýsköpun og útflutningsstarfsemi. Í því sambandi vilja samtökin bjóða fram sína krafta til að vinna hratt og örugglega með Efnahags- og viðskiptanefnd til þessa að gera þetta kerfi sem árangursríkast fyrir land og þjóð.*

Athugasemdir og breytingatillögur SI/SSP (undirstrikaðar og skáletraðar) við einstaka greinar frumvarpsins varðandi þessa flokka eru settar fram í þeirri röð sem þær standa í frumvarpinu. Megin þemað í þessum athugasemdum er að **einfalda kerfið og leggja meiri áherslu á að það nýtist sem best þeim fyrirtækjum sem standa í nýsköpun og skapa aukin verðmæti og spennandi framtíðarstörf á Íslandi.**

### Breytingartillögur - Almennt

Fyrsta málsgrein 4. gr. frumvarpsins er orðuð svo:

1. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna orðast svo: Allt að **30%** frá tekjuskattsstofni einstaklings, sbr. 1. og 3. gr., að viðbættum fjármagnstekjum, af fjárhæð sem hann sýnir fram á að sé til komin vegna fjárfestinga í hlutafélagi eða einkahlutafélagi sem uppfyllir skilyrði 2. og 3. mgr., við álagningu opinberra gjalda á árunum 2017, 2018 og 2019 vegna fjárfestinga á árunum 2016, 2017 og 2018.

Samtökin leggja til eftirfarandi breytingartillögu:

1. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. laganna orðast svo: Allt að **100% fjárfestingar upp að 3 millj. kr. og 30% fjárfestingar umfram 10 millj. kr.** frá tekjuskattsstofni einstaklings, sbr. 1. og 3. gr., að viðbættum fjármagnstekjum, af fjárhæð sem hann sýnir fram á að sé til komin vegna fjárfestinga í hlutafélagi eða einkahlutafélagi sem uppfyllir skilyrði 2. og 3. mgr., við álagningu opinberra gjalda á árunum 2017, 2018 og 2019 vegna fjárfestinga á árunum 2016, 2017 og 2018.

**Rök:** Með því að gefa fullan frádrátt frá fyrstu 3 mkr. fjárfestingunni er skapaður góður "alvöru" hvati fyrir stóran hóp fjárfesta að taka þátt í uppbyggingu þessara fyrirtækja. Hvatinn fyrir stærri fjárfestingar væri hins vegar eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Í greinargerð er sýnt fram á að ríkissjóður kemur út úr slíkum fjárfestingum með jákvætt greiðsluflæði frá fyrsta degi.

### Breytingartillögur varðandi skilyrði fyrir einstaklinga.

Í 4. gr. lið 1-6, eru talin upp fjölmörg og ítarleg skilyrði sem eintaklingar þurfa að uppfylla til nýta sér ákvæði laganna. Einungis eru þó gerðar athugasemdir við lið 1 og 6.

#### **Liður 1. Skilyrði um lágmarksfjárfestingu 500 þús. kr. á almanaksári.**

Samtökin leggja til að lágmarksfjárfesting miðist við 250 þús. kr.

**Rök:** Samtökin telja það jákvætt að þessir aðilar, ekki síst starfsmenn geti notið þessara laga innan þeirra marka sem liður 6 a. takmarkar (þ.e. einstaklinga með meira en 30% eignarhlutfall).

Í viðauka II er sýnt fram á að ríkissjóður kemur út úr slíkum fjárfestingum með jákvætt greiðsluflæði frá fyrsta degi. Engin skilyrði eru um lágmarksfjárhæð í reglugerð ESB/ESA.

#### **Liður 6 a. og b. Skilyrði varðandi tengsl einstaklinga við félagið eða félagasamstæður.**

Þessi skilyrði sem útiloka einstaklinga sem eru tengir félaginu eða félagasamstæðum þess, starfmönnum og stjórnarmönnum takmarka mjög notagildi laganna. Ekki verður séð hvaða á hvaða rökum eða hvaða tilvísun í Evrópureglur gera það nauðsynlegt að útiloka þessa aðila með þessum hætti. Þó má geta þess að slík skilyrði voru í eldri útgáfu leiðbeiningar ESA en hefur verið felld út í nýjustu útgáfu reglugerðarinnar frá 2014.



Samtökin leggja til að hægt verði að greiða starfsmönnum laun innan framangreinds ramma (allt að 3 millj. kr.) án þess að leggja þurfi út fyrir staðgreiðslu enda verði sú fjárfesting að fullu frádráttarbær.

**Rök:** Samtökin telja það jákvætt að þessir aðilar, ekki síst starfsmenn og frumkvöðar geti notið þessara laga enda hafa íslensk fyrirtæki frá upphafi einmitt verið byggð upp af frumkvöðlum, fjöldskyldum og vinum. Óeðlilegt væri að gera upp á milli þessara aðila og annarra óháðra aðila og í raun ógerningur að greina hverjir eru vinir og vandamenn þeirra.

Í greinargerð í viðauka II er sýnt fram á að ríkissjóður kemur út úr slíkum fjárfestingum með jákvætt greiðsluflæði frá fyrsta degi.

### **Breytingartillögur varðandi skilyrði félög þurfa að uppfylla.**

Í 4 gr. koma fram fjölmörg og ítarleg skilyrði í 12 liðum félög þurfa að uppfylla og gera samtökin athugasemdir við nokkra þeirra.

**Liður 2:** um hámarksfjölda starfsmanna 25 og 650 millj. kr. ársveltu. Samtökin leggja til að skilgreining um lítil og meðalstór fyrirtæki séu lögð til grundavallar hér. Í þessu felst að mörkin væru dregin við 250 starfsmenn og 10 milljón evrur í veltu. **Rök:** Fyrirtæki á stærðagráðunni 50-150 starfsmenn hafa mörg átt í erfiðleikum með að fjármagna sig á Íslandi og hafa því mörg hver verið seld erlendum fjárfestum á undanföllum árum og sum verið flutt úr landi. Það eru engin rök fyrir því að setja íslensk fyrirtæki skör neðar í þessu sambandi en fyrirtæki erlendis. Til viðbótar má benda á að kerfið hefur jákvætt tekju- og greiðsluflæði fyrir ríkissjóð, sbr. viðauki II, og því engin ástæða til að takamarka þær tekjur fyrir ríkissjóð.

**Liður 4:** um að félagið hafi ekki verið skráð á hlutabréfamarkað. Hér þarf að opna heimild fyrir fyrirtæki sem skráð eru á First North. **Rök:** First North markaðurinn er uppbyggingarmarkaður sem gæti hentað vel fyrir nýsköpunarfyrirtæki og telst ekki til skráðra bréfa. Hér þarf einnig að gera ráð fyrir nýjum uppbyggingarmörkuðum sem lúta lögum um markaðstorg fjármálagjörninga og hópþjármögnunar.

**Liður 5:** um að félagið hafi ekki, þegar hlutafjárúkning á sér stað, verið starfandi á markaði lengur en fjögur ár frá fyrstu sölu þess í viðskiptalegum tilgangi. Hér er um mun strangari skilyrði að ræða en gerð eru í reglugerð ESB/ESA. Leggja SI til að þessi skilyrðin verði rýmkuð sem því nemur, sbr. 5. og 6. liður 21. gr. reglugerð nr. 651/2014. **Rök:** Það er þekkt að uppbyggingarferli nýsköpunarfyrirtækja tekur oft langan tíma, ekki síst þeirra sem byggja á mikilli rannsókn- og þróunarvinnu. Þegar vel tekst til eru þetta oft verðmætustu fyrirtækin því þau byggja á þekkingarlegur forskoti. Það væri mikil takmörkun að útiloka þessi fyrirtæki frá því að nýta þessi lög, því í þessum hópi eru einmitt fyrirtæki sem þurfa mest á svona fjármögnun að halda. Reglugerð ESB/ESA gengur ennfremur mun lengra en íslenska frumvarpið heimilar.

**Liður 7:** um að félagið sé ekki í "fjárhagsvanda" eru að grunni til eðlileg en í þeirri skilgreiningu (nr. 18) skv. reglugerð ESB nr. 651/2014 felst m.a. það íþyngjandi atriði að fyrirtæki teljist í "fjárhagsvanda" ef eigið fé þess er orðið minna en 50% innborguðu hlutfé. Samkvæmt þessu gæti fyrirtæki með tæplega 500 mkr. í eigið fé verið skilgreint í "fjárhagsvanda" ef innborgað hlutfé þess er meira en 1000 mkr. Athugasemdum um þetta þarf að koma formlega á framfæri við ESB og ESA en einnig má benda tækifæri túlkun á gildissviði reglnanna sem fram kemur í 14 lið um það efni fremst í reglugerðinni. **Rök:** Reglan um eigið fé sem hlutfall af innborguðu hlutfé segir ekkert um hvort fyrirtæki sé í fjárhagslegum vanda eða ekki. Aðrir þættir í skilgreiningunni ná nægilega vel utan um hugtakið.

**Liður 9:** um að félagið hafi innan fimm mánaða frá lokum hvers reikningsárs sent ríkisskattstjóra ársreikning sinn fyrir næstliðið reikningsár sem gerður hefur verið í samræmi við lög um ársreikninga. Ástæðulaust er að gera sérkröfur um ársreikningaskil umfram það sem reglur RSK og ársreikninga gera ráð fyrir. **Rök:** Er þörf á að gera þessa kröfu umfram það sem lög um ársreikninga gera ráð fyrir?

**Liður 12:** felur m.a. í sér upptalningu á félögum með starfsemi sem ekki eiga að falla undir lög. Samtökin telja eðlilegra að tengja heimildina við skilgreiningu reglugerðar ESB/ESA nr. 2014 á "nýsköpunarfyrirtæki" (sjá nr. 80) sem afmarkar vel þau markmið sem lög in miða að. Til vara setja samtökin spurningarmerki við f og j-liðinn og telja að g-liðurinn eigi að falla út þannig að félög í kvikmyndaframleiðslu eiga að geta nýtt sér lög. Varðandi f-liðinn er mikilvægt að hafa í huga að útseld þjónusta og ráðgjöf getur verið mikilvægur þáttur í sölu tæknilausna og oft erfitt að draga skýr mörk þar á milli.



Varðandi j-liðinn þarf að skoða sérstaklega lausnir sem verða til í samstarfi fyrirtækja frá öðrum löndum við íslensk fyrirtæki, þannig að fyrirtæki sem eru með lausnir sem byggja á íslenskum virðisauka séu ekki fyrirfram útilokaðar.

**Rök:** Fyrirtæki í kvikmyndaframleiðslu eru klárlega í nýsköpun og engin rök liggja til að halda þeim utan gildissviðs laganna. Almenn þarf að vera einhver sveigjanleiki varðandi þennan lista og hægt að vísa vafaatriðum til nánari skoðunar og úrskurðar t.d. úrskurðarnefndar.

## Viðauki II

### Útreikningur á tekju- og greiðsluflæði ríkissjóðs vegna skattalegs hvata vegna hlutabréfakaupa

Mikil þörf er fyrir fyrir hvatningu að þessu tagi til að auka fjárfestingu í litlum og meðalstórum nýsköpunarfyrirtækjum sem er ein lykilforsenda fyrir því að gera Ísland aðlaðandi fyrir fólk og fyrirtæki í nýsköpun og að slík fyrirtæki vaxi á Íslandi í alþjóðlegri samkeppni. Í greinargerð starfshóps fjármálaráðherra frá 2013, um skattaávilnanir vegna hlutabréfakaupa, er þessi fjárförf staðfest.

SI, HSV og Samtök sprotafyrirtækja (SSP) hafa mótað eftirfarandi um gerð frumvarps til laga um skattaávilnanir vegna hlutabréfakaupa sem byggja á leiðbeiningum ESA. SA hefur tekið þessar tillögur sem hluta af sínum tillögum um umbætur í skattamálum. Meðfylgjandi eru útreikningar sem sýna að greiðsluflæði ríkissjóðs af slíku fyrirkomulagi er jákvætt strax frá fyrsta mánuði og í raun góð tekjuöflun fyrir ríkissjóð.

Tillögur SI/SSP (HSV)

Skattafsláttur við hlutabréfakaup í nýsköpunarfyrirtæki

1. Skattaðili, einstaklingur, hefur heimild til að draga kaupverð hlutabréfa frá skattskyldum tekjum, sama ár og greitt er fyrir hlutabréfin. Hámarksfjárhæð er 5 mkr á ári. Heimilt er að nota ónotaða heimild maka. Skilyrði er að bréfin séu ekki seld í þrjú ár frá kaupum.
2. Fyrirtæki hafi heimild til að greiða laun í formi hlutafjár með sömu takmörkunum og kemur fram hér að framan. Staðgreiðsluskattur greiðist ekki af launum starfsmanna sem þiggja laun í formi hlutafjár. Greiða skal tryggingargjald og í lífeyrissjóð af launum sem eru greidd í formi hlutafjár. (Lagt er til að notuð verði svipuð aðferð og beitt er við skattkort einstaklinga, þ.e. hver einstaklingur fær skattkort með tiltekinni heimild). Fjármagnstekjuskattur er greiddur af hækkun bréfanna frá útgáfu fram að sölu.
3. Fyrirtækin, sem fjárfest er í, þurfa að flokkast sem lítil og meðalstór fyrirtæki samkvæmt skilgreiningu ESB/ESA en hún felur í sér að hámarksvelta eða stærð efnahagsreiknings sé 10 milljónir evra og/eða 125 starfsmenn eða minna. Krafið er að rannsóknar- og þróunarkostnaður fyrirtækjanna, samkvæmt ársreikningi, sé a.m.k. 5 %, af rekstrarkostnaði eða tekjum skv. staðfestingu frá Rannís og endurskoðanda fyrirtækisins. Fyrirtæki þurfa að öðru leiti uppfylla reglur ESA varðandi stuðning stjórnvalda við fjárfestingar í litlum og meðalstórum fyrirtækjum

Til að meta áhrif á tekjur/gjöld ríkissjóðs af slíku fyrirkomulagi er tekið dæmi af einu hlutafjárútboði samkvæmt framangreindum tillögum og skoðað greiðsluflæði ríkissjóðs af því. Gerum ráð fyrir að fyrirtækið nýti hámarksheimild skv. reglunum ESA og gefi út **400 mkr í nýjum hlutabréfum** sem það ráðstafar að helmingi til hluthafa sem greiða fyrir hlutaféð í peningum samtals 200 mkr. og að helmingi til að greiða starfsmönnum laun að fjárhæð 200 mkr.

*Greiðsluflæðið frá sjónarhóli ríkissjóðs yrði þá með eftirfarandi hætti:*

Gert er ráð fyrir að 80% hlutafjárins verði nýtt innan ársins til greiðslu á launum (með 40% skatttekjum fyrir ríkissjóð + 7,35% tryggingargjaldi x1,08 (v. lífeyrissjóðs) og 20% af hlutafénu verði nýtt til að fjármagna önnur aðföng (með 10% skatttekjum fyrir ríkissjóð).

**Tekjur ríkissjóðs á fyrsta ári:**

**$200 \text{ mkr} \times (80\% \times (40\% + 7,35\% \times 1,08) + 20\% \times 10\%) + 200 \text{ mkr} (7,35\% \times 1,08) = 80,5 + 15,9 = 96,4 \text{ mkr.}$**

**Lækkun á skatttekjum ríkissjóðs á öðru ári:**

**$200 \text{ mkr.} \times 40\% = 80 \text{ mkr}$**

**Ríkið fær því 96,4 mkr tekjur á fyrsta ári en greiðir til baka (eða verður af) 80 mkr. á skatttekjum á næsta ári þar á eftir. Ríkið heldur því 16,4 mkr. eftir, auk ársvaxta af 96,4 mkr á 19 mánaða tímabili (12+7 mán, reiknast sem ca. 13 mán. í vaxtareikningi), sem mætti reikna t.d. með 10% óverðtryggðum vöxtum  $96,4 \times 10\% \times 1,08 = 10,4 \text{ mkr}$  eða samtals  $16,4 + 10,4 = 26,8 \text{ mkr.}$**



Skatttekjur af öllum virðisauka sem verður til í fyrirtækinu af þeim afurðum sem verða til á grunni þróunarverkefnanna sem verið er að fjármagna með hlutafénu kemur til viðbótar í ríkissjóð á seinni stigum. Sá skatttekjuauki getur orðið margfoldur.

Með öðrum orðum ríkissjóður spilar frítt og áhættulaust í þessu dæmi með 100% vinningslíkum á vinningi sem nemur a.m.k. 26 mkr. Þeim mun fleiri fyrirtæki sem nýta þessa heimild þeim mun meiri verða tekjur ríkissjóðs.

